

Áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum: Munur á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða

Guðmundur Freyr Úlfarsson
Aðstoðarprófessor í byggingarverkfræði við
Washingtonháskóla í St. Louis

Tilgangur verkefnisins er að finna helstu þætti sem hafa áhrif á líkur á meiðslum ökumanna í umferðarslysum er varða eitt ökutæki og í árekstrum tveggja ökutækja, með sérstakri áherslu á mun á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða. Aðferðum úr hagrannsóknunum er beitt til að setja fram stærðfræðileg líkön er meta líkur á meiðslum. Flokkar meiðsla eru: *Engin meiðsl*, *lítil meiðsl*, *mikil meiðsl* og *dauði*. Þessi flokkun er notuð í slysaskrá Umferðarstofu, en þaðan eru gögn fengin fyrir umferðarslys í dreifbýli og þéttbýli árin 1992–1999.

Líkönin eru sett fram sem stærðfræðileg föll af þeim áhrifaþáttum sem slysaskráin hefur að geyma, t.a.m. birtuskilyrði, vegskilyrði, aldur, kyn og ölvun ökumanns, fjöldi farþega, aldur ökutækis, tegund umferðarslyss. Hver þessara þátta er metinn og fundið hvort hann hefur marktæk áhrif á meiðsl í umferðarslysum, og munur jeppa og fólksbifreiða er kannaður.

Upplýsingar um ráðandi áhrifaþætti, sem auka eða minnka líkur á meiðslum í umferðarslysum, eru mikilvægar við ákvarðanatöku sem varðar umferðaröryggismál. Niðurstöðurnar benda á áhrifaþætti sem hafa mest áhrif. Slíkar upplýsingar nýtast við skipulagningu og endurbætur umferðarmannvirkja, og við umferðarfræðslu.

Helstu niðurstöður varðandi mun á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða eru:

- Jeppar koma ver út fyrir sína ökumenn í slysum án áreksturs við annað ökutæki í dreifbýli
- Fólksbifreiðar koma betur út fyrir sína ökumenn í slysum án áreksturs við annað ökutæki í dreifbýli
- Jeppar koma betur út fyrir sína ökumenn í árekstrum við fólksbifreiðar bæði í dreifbýli og í þéttbýli, en auka líkur á alvarlegri meiðslum ökumanns fólksbifreiðarinnar.
- Ökumenn fólksbifreiða í árekstri við jeppa eru því líklegri til að verða fyrir alvarlegri meiðslum en ef þeir hefðu lent í árekstri við fólksbifreið. Líkur ökumanna jeppa á meiðslum minnka ef þeir lenda í árekstri við fólksbifreið.

Niðurstöðurnar sýna einnig:

- Próflausir eða prófsviptir ökumenn tengjast margfalt hærra líkum á eigin dauðsfalli
- Akstur á móti rauðu ljósi tengist stór vaxandi líkum á dauðsföllum.
- Ölvun eða lyfjanotkun er almennt tengd meira en hundrað prósent hærra líkum á einhverjum meiðslum en sambærileg slys án ölvunar eða lyfjanotkunar.
- Ökumenn eldri en 65 ára eru líklegri til að verða fyrir alvarlegri meiðslum en yngri ökumenn.
- Högg hjá ökumanni í árekstri tveggja ökutækja tengjast stórauknum líkum á dauðsfalli ef um meiðsl er að ræða.
- Bílbeltanotkun tengist almennt auknum líkum á litlum meiðslum og minnkandi líkum á miklum meiðslum og dauðsföllum í slysum og sanna þar með gildi sitt.
- Konur mælast almennt líklegri til að verða fyrir einhverjum meiðslum en karlar, en ef þær verða fyrir meiðslum er almennt lítill munur á þeim og körlum nema ef eitthvað er, þá tengjast konur minni líkum á alvarlegri meiðslum.